



Reykjavík, 27. nóvember 2018

IE18010006

4.1.2

LF/KV

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Umsögn vegna árshlutareiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – september 2018

Endurskoðunarnefnd hefur í samræmi við eftirlitshlutverk sitt fengið kynningu á árshlutareikningum sem lagðir eru fyrir borgarráð.

Í störfum sínum hefur endurskoðunarnefndin lagt áherslu á að vinnuferlið við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar sé skjalfest og að hver aðgerð í ferlinu sé áhættumetin til þess að greina hættuna á að veruleg skekkja eða rangfærsla komist í reikningsskilin. Nauðsynlegt er að tilgreina í vinnuferlinu eftirlitsaðgerð sem beinist að skilgreindri áhættu og að unnt sé að staðfesta þá eftirlitsaðgerð.

Nefndin hefur átt fund með fjármálastjóra og borgarbókara um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – september 2018. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins. Nefndin hefur fengið kynningu á árshlutareikningi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir sama tímabil en árshlutareikningur Orkuveitunnar hefur töluvert vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar.

Ofangreind yfirferð endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið janúar – september 2018 hefur ekki leitt í ljós annað en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglur sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar

Lárus Finnbogason